

Nd.

143. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 106 8. sept. 1941, um húsaleigu.

Flm.: Lúðvik Jósefsson.

1. gr.

Öll ákvæði húsaleigulaganna, nr. 106 8. sept. 1941, um húsnæði, gilda einnig um leigu eftir verbúðir, þ. e. leigu eftir bryggjur, palla, sjómannabústaði og sjóhús.

2. gr.

Hafi leiga eftir verbúðir verið greidd með aflahlut, getur leigutaki krafizt mats á leigunni, og skal þá ákveða leiguna fast gjald og með tilliti til þess, að leigan hækki ekki nema sem svarar hækkun almennrar húsaleigu.

Óheimilt er leigusala að áskilja sér nokkur friðindi auk leigugjaldsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Eins og kunnugt er, þá hefur dýrtíðarflóðið og verðbólgan skolið hvað þyngst yfir smáútgerðarmenn og sjómenn. Hver útgjaldaliður útgerðarinnar af öðrum hefur farið síhækkandi, en fiskverðið hefur hins vegar verið fastbundið með samningi. Af-

leiðingar þessa hafa þegar orðið þær, að smáútgerðin á orðið erfitt með eðlilegan rekstur. Einn af þeim útgjaldaliðum útgerðarinnar, sem farið hefur allmjög hækkandi sums staðar á landinu, er leiga eftir verstöðvar. Verstöðvaeigendur hafa sumir hverjir notað óspart aðstöðu sína og selt afnotarétt stöðvanna á okurverði. Okur þetta kemur svo sameiginlega niður á útgerðarmönnum og sjómönnum, sem almennt greiða af óskiptum afla leigu eftir verstöðvarnar.

Það mun að vísu vera rétt, að leiga eftir útgerðaraðstöðu hefur verið mjög misjöfn á hinum ýmsu stöðum, og í einstökum tilfellum má segja, að leigan hafi verið sanngjörn. En á öðrum stöðum hefur aftur á móti alveg keyrt um þverbak. Sem dæmi þar um vil ég taka Hornafjörð. Á Hornafirði er eina vetrarvertíðarstöðin á öllu Austurlandi. Þangað sækir því meginhluti austfirzkra báta á hverjum vetri. Kaupfélagið á staðnum á verbúðirnar og hefur tekið ákveðinn aflahlut í leigu. Húsaleiga fyrir beit-ingahús og sjómannaibúðir hefur verið 5% af brúttóafłasölu. Auk þess hefur hver bátur greitt 1½ skp. í ljósagjald. Auk þessa áskildi kaupfélagið sér að annast alla sölu aflans og njóta fyrir það ekki minna en 3% í umboðslaun, sem fiskflutningaskípin borga. Stærstu hátarnir, sem þarna gerðu út síðast liðna vetrarvertíð, greiddu í húsaleigu og ljós um 8000 kr., auk þess hefur kaupfélagið fengið í umboðsþóknun vegna sölu á afla hvers þessa báts um 5000 kr. Ef þessar tölur eru bornar saman við leigu á verplássum í Sandgerði s. l. vetur, þá sést bezt, að hér hefur fram farið hið herfilegasta okur. Í Sandgerði greiddi hver bátur fast gjald, 2400 kr., fyrir húsnaði ásamt ljósi, og er húsnaðið þó í Sandgerði mun meira, þar sem þar fylgir með sölt-unarpláss.

Með frumvarpi þessu er ætlað að reyna að koma í veg fyrir óeðlilega háa leigu verbúða, og virðist þá eðlilegast að láta leigu á þeim fylgja leigu annars húsnaðis og leyfa ekki aðra hækkun en þá, sem stafar af hækkandi viðhaldskostnaði.